



MINNISBLAÐ

Verk: Fyrirhuguð uppbygging á ferðaþjónustu við Fellsá
Málefni:
Dags: 19.03.2020
Frá: RÓÞ
Dreifing: SvS, EBH, GVG, AB

Meðfylgjandi mynd er af IslandsDemV0 hæðarlíkani af farvegi Fellsár. (Upplausn líkansins er 2x2 m, hæðarnákvæmni er betri en 1 m en staðsetningarnákvæmnin er 3 m.) Sjá má út frá hæðarlíkaninu að ef flæðir yfir varnargarð eða hann brestur mun renna beint að svæðinu þar sem mannvirkin eru staðsett skv. deiliskipulagstillögu.

Ófyrirséð er hvernig þróun á farvegi Fellsár verður næstu áratugi og hvernig álag á varnargarðinum verður. Samkvæmt meðfylgjandi mynd þarf að skoða vel hvort staðsetning á fyrirhugaðri uppbyggingu ferðaþjónustu uppfylli kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja m.t.t. skipulags og ábyrgðar, því ef varnargarður brestur eru miklar líkur á að flóðvatn fari yfir umrætt svæði. Rétt er að geta þess að varnargarðurinn hefur verið hækkaður og lengdur upp eftir Fellsá nokkrum sinnum í gegnum árin og fyrir nokkrum árum flæddi framhjá honum að ofanverðu og niður að Hringveg austan við Fellsá.

Vegagerðin mælir með að skoðað verði hvort kortleggja megi útbreiðslu hönnunarflóðs með rennislíkani með og án varnargarðs. Þannig má mögulega kortleggja flóðasvæðin betur og staðsetja og hanna mannvirkin með tillit til þeirra niðurstaða og jafnvel endurskoða varnargarðakerfin á svæðinu.

